



Bæjarstjórn Garðabæjar 5. (845)/2019

Boðað er til 5. (845). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 21. mars 2019 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu.

Dagskrá:

1. 1903019F - Fundargerð bæjarráðs frá 12/3 '19.
2. 1903031F - Fundargerð bæjarráðs frá 19/3 '19.
 - 1810324 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að stækkun byggingarreits við Smáraflöt 11.
 - 1710090 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda vegna lóðar fyrir Alþjóðaskólann.
 - 1809192 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á aðalskipulagi vegna lóðar fyrir Alþjóðaskólann.
 - 1902346 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hnoðrahólts og Vetrarmýrar vegna stækkunar á byggingarreit golfskála GKG.
3. 1903022F - Fundargerð íþrótta- og tómstundaráðs frá 13/3 '19.
4. 1903023F - Fundargerð leikskólanefndar frá 14/3 '19.
5. 1903008F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 7/3 '19.
6. 1812010F - Fundargerð stjórnar Hönnunarsafns Íslands frá 10/12 '18.
7. 1903010F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 13/3 '19.
8. 1901407 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 22/2 '19.
9. 1901198 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 1/3 '19.
10. 1901375 - Fundargerð stjórnar SSH frá 4/3 '19.
11. 1902158 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 12/3 '19.
12. 1811129 - Ársreikningur Garðabæjar 2018 (Fyrri umræða)

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar
4. (844). fundur 2019

Fimmtudaginn 7. mars 2019 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í Safnaðarheimilinu Kirkjuhvoli.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason, Sigríður Hulda Jónsdóttir, Sigurður Guðmundsson, Almar Guðmundsson, Björg Fenger, Gunnar Einarsson, Guðfinnur Sigurvinsson, Stella Stefánsdóttir, Sara Dögg Svanhildardóttir, Ingvar Arnarson og Harpa Þorsteinsdóttir.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður.

Gunnar Valur Gíslason, forseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnaði.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 21. febrúar er lögð fram.

Sara Dögg Svanhildardóttir, kvaddi sér hljóðs og spurði um stöðu mála varðandi erindi félagsmálaráðuneytisins um móttöku flóttamanna.

Gunnar Einarson, tók til máls og óskaði ungu og efnilegu liði bæjarstjórnar í boccia til hamingju með frækinn sigur á árlegu bocciamóti Íþróttafélagsins Fjarðar. Þá ræddi Gunnar erindi um móttöku flóttamanna og svaraði fyrirspurn.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls að nýju.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1902037F - Fundargerð bæjarráðs frá 26/2 '19.

Enginn kvaddi sér hljóðs.

Fundargerðin sem er 12 tl., er samþykkt samhljóða.

2. 1903002F - Fundargerð bæjarráðs frá 5/3 '19.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 2. tl., byggingarleyfi fyrir verslun að Garðatorgi 1, 11. tl., bréf skíðasvæðanna um framkvæmdaáætlun vegna uppbyggingar í Bláföllum og 12. tl., uppbyggingu í Vetrarmýri og samning við Spildu.

Björg Fenger, ræddi 11. tl., bréf skíðasvæðanna um framkvæmdaáætlun vegna uppbyggingar í Bláföllum.

Ingvar Arnarson, ræddi 7. tl., bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga um íbúasamráð.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 7. tl., bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga um íbúasamráð og 8. tl., lýðræðisverkefnið

Afgreiðsla mála.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu að framkvæmdaáætlun vegna uppbyggingar á mannvirkjum og snjóframleiðslu í Bláföllum árin 2019 – 2024.

Bæjarstjórn samþykkir samning við Fasteignaþróunarfélagið Spildu ehf., um ráðgjöf við þarfa- og kostgæfnigreiningu vegna uppbyggingar byggðar í Vetrarmýri. Samningurinn er til þriggja mánaða.

Fundargerðin sem er 12 tl., er samþykkt samhljóða.

3. 1902038F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 27/2 '19.

Almar Guðmundsson, ræddi 2. tl., erindisbréf fyrir öldungaráð 3. tl., erindisbréf fyrir samráðshóp um málefni fatlaðs fólks, 7. tl., tillögu um eflingu lýðræðislegra vinnubragða, 4. tl., beiðni um endurskoðun á aðstöðu eldri borgara og 6. tl., íbúakönnun 2018.

Fundargerðin er lögð fram.

4. 1902033F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 22/2 '19.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 1. tl., jazzhátíð Garðabæjar 2019, 2. tl., vetrarhátíð 2019, 3. tl., þriðjudagsklassík, 5. tl., umsókn um styrk vegna heimildarmyndar um líf og byggingarlist Högnu Sigurðardóttur, 7. tl., minjagarð við Hofstaði og 8. tl., skráningu á listaverkum Garðabæjar.

Stella Stefánsdóttir, ræddi 5. tl., umsókn um styrk vegna heimildarmyndar um líf og byggingarlist Högnu Sigurðardóttur.

Fundargerðin er lögð fram.

5. 1901420 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 4/3 '19.

Fundargerðin er lögð fram.

6. 1811108 - Fundargerð stjórnar Reykjanesfólkvangs frá 6/2 '19.

Ingvar Arnarson, ræddi 5. tl., skilti við Seltún og 1. tl., Reykjanes Geopark. Ingvar spurði um stöðu mála varðandi landvörslu í fólkvanginum.

Guðfinnur Sigurvinsson, ræddi 1. tl., Reykjanes Geopark og greindi frá umræðu um landvörslu í fólkvanginum.

Fundargerðin er lögð fram.

7. 1801175 - Fundargerð 42. aðalfundar SSH frá 16/11 '18.

Gunnar Einarsson, ræddi 3. tl., samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu.

Fundargerðin lögð fram.

8. 1901316 - Fundargerð stjórnar SHS frá 22/2 '19.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 4. tl., önnur mál – búsetu í atvinnuhúsnæði.

Gunnar Einarsson, ræddi sama mál

Fundargerðin er lögð fram.

9. 1903084 - Tillaga um að efla vistvænar samgöngur og lýðheilsu starfsmanna Garðabæjar.

Björg Fenger kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu er hún flytur ásamt Jónu Sæmundsdóttur.

„Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að keypt verði tvö rafhjól sem starfsmenn bæjarskrifstofa geta notað til að fara á milli stofnana bæjarins á vinnutíma.“

Greinargerð:

Umræða og áhugi um loftlagsmál hefur stóruð á Íslandi undanfarin ár í kjölfar Parísarfundarins árið 2015, þar sem komið var á viðtæku hnattrænu samkomulagi um minnkun losunar á koltvísýringi.

Áhersla á vistvænar samgöngur hafa aukið kröfur um fjölbreyttari lausnir í samgöngum og hægt er að hugsa sér að í framtíðinni verði farið að leigja rafhjól til íbúa og annarra vegfarenda til að komast á milli staða, en slík þróun er hafin í nágrenni okkar.

Með því að efla vistvænar samgöngur í bæjarfélaginu með kaupum á rafhjólum er unnið að því að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum umferðar hvort sem er vegna hávaða- eða staðbundinnar loftmengunar. Notkun rafhjólanna mun jafnframt efla lýðheilsu starfsmanna og auðvelda þeim að ferðast hratt og örugglega milli stofnana bæjarins.

Ingvar Arnarson, ræddi framkomna tillögu. Ingvar Arnarsson lagði til eftirfarandi viðauka við framkomna tillögu.

„Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að móta stefnu og framkvæmdaáætlun um vistvænar samgöngur fyrir stofnanir bæjarins. Í stefnu sem þessari er mikilvægt að huga að orkuskiptum í samgöngum, samgöngustyrkja fyrir starfsmenn, ásamt fleiri leiðum sem stuðla að vistvænum samgöngum innan stofnana Garðabæjar. Samhliða mótun stefnu verður einnig unnin framkvæmdaáætlun sem tilgreinir tímasetningar og verkefni sem Garðabær ætlar að gera til að stuðla að vistvænum samgöngum innan stofnana.“

Greinargerð:

Það er eitt af markmiðum umhverfisstefnu Garðabæjar að Garðabær verði vistvænt bæjarfélag og umhverfið heilnæmt og aðlaðandi. Ein af þeim leiðum sem nefndar eru í umhverfisstefnu Garðabæjar til að ná því markmiði er að stuðla að notkun minna mengandi farartækja og vistvænna orkugjafa. Með því að móta stefnu og framkvæmdaáætlun er hægt að ná þeim markmiðum sem Garðabær hefur sett sér. Við innleiðingu Heimsmarkmiðanna sem nýverið var samþykkt í bæjarstjórn er mikilvægt að fara í heildarstefnumótun og vinna þannig markvisst að þeim markmiðum að vistvæna Garðabæ og skapa þá sýn sem viljinn stendur til að virðist meðal allra bæjarfulltrúa.

Gunnar Einarsson ræddi framkomna tillögu og viðaukatillögu. Gunnar lagði til að viðaukatillögu verði vísa til bæjarráðs.

Guðfinnur Sigurvinsson, ræddi framkomna tillögu og viðaukatillögu.

Ingvar Arnarsson, tók til máls.

Sigurður Guðmundsson, ræddi framkomna tillögu og viðaukatillögu.

Gunnar Einarsson tók til máls að nýju

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi framkomna tillögu og viðaukatillögu.

Ingvar Arnarson, tók til máls að nýju.

Sigurður Guðmundsson, tók til máls að nýju.

Gunnar Einarsson, tók til máls að nýju.

Guðfinnur Sigurvinsson, tók til máls að nýju.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls að nýju.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, framkomna tillögu og viðaukatillögu.

Gunnar Einarsson, tók til máls að nýju.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls að nýju.

Framkomin tillaga er samþykkt samhljóða.

Tillaga um að vísa tillögu um viðaukatillögu til bæjarráðs er samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar 7. mars 2019 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Harpa Þorsteinsdóttir, (sign)

Guðfinnur Sigurvinsson, (sign)

Sigurður Guðmundsson, (sign)

Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Stella Stefánsdóttir, (sign)

Ingvar Arnarson, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Björg Fenger, (sign)

Gunnar Einarsson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
10. (1871). fundur 2019

Þriðjudaginn 12. mars 2019 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Sigurður Guðmundsson, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Eiríkur Björn Björgvinsson, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Hildigunnur Árnadóttir, félagsráðgjafi og Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1902062 - Víkurgata 17 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Drangahrauni 14 ehf., kt. 531109-0900 leyfi til að byggja einbýlishús að Víkurgötu 17.

2. 1812115 - Víkurgata 19 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Eggert Elfari Jónssyni, kt. 210360-2989 leyfi til að byggja einbýlishús að Víkurgötu 19.

3. 1701249 - Minnisblað um ferðapjónustu barna í leikskólum Garðabæjar.

Bæjarráð samþykkir að settar verði reglur um ferðapjónustu vegna barna í leikskólum Garðabæjar á grundvelli framlagðs minnisblaðs.

4. 1903118 - Tillaga til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurflugvallar, 86. mál., dags. 06.03.19.

Lögð fram.

5. 1903084 - Tillaga um að efla vistvænar samgöngur og lýðheilsu starfsmanna Garðabæjar.

Lögð fram tillaga sem vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 7. mars sl.

„Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að móta stefnu og framkvæmdaáætlun um vistvænar samgöngur fyrir stofnanir bæjarins. Í stefnu sem þessari er mikilvægt að huga að orkuskiptum í samgöngum, samgöngustyrkja fyrir starfsmenn, ásamt fleiri leiðum sem stuðla að vistvænum samgöngum innan stofnanna Garðabæjar. Samhliða mótun stefnu verður einnig unnin framkvæmdaáætlun sem tilgreinir tímasetningar og verkefni sem Garðabær ætlar að gera til að stuðla að vistvænum samgöngum innan stofnana.“

Greinagerð:

Það er eitt af markmiðum umhverfisstefnu Garðabæjar að Garðabær verði vistvænt bæjarfélag og umhverfið heilnæmt og aðlaðandi. Ein af þeim leiðum sem nefndar eru í umhverfisstefnu Garðabæjar til að ná því markmiði er að stuðla að notkun minna mengandi farartækja og vistvænna orkugjafa. Með því að móta stefnu og framkvæmdaáætlun er hægt að ná þeim markmiðum sem Garðabær hefur sett sér.

Við innleiðingu Heimsmarkmiðanna sem nýverið var samþykkt í bæjarstjórn er mikilvægt að fara í heildarstefnumótun og vinna þannig markvisst að þeim markmiðum að vistvæna Garðabæ og skapa þá sýn sem viljinn stendur til að virðist meðal allra bæjarfulltrúa.

Bæjarráð samþykkir að vísa tillögunni til umfjöllunar umhverfisnefndar.

- 6. 1901238 - Svar við fyrirspurn um kostnað við kaup og framkvæmdir á húsnæði fyrir fjölnota fundarsal.**
Lagt fram.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 12. mars 2019 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigurður Guðmundsson, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
11. (1872). fundur 2019

Þriðjudaginn 19. mars 2019 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigurður Guðmundsson, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Jóna Sæmundsdóttir, varamaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkefnafræðingur, Eiríkur Björn Björgvinsson, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Hildigunnur Árnadóttir, félagsráðgjafi og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1811129 - Ársreikningur Garðabæjar 2018.

Magnús Jónsson, löggiltur endurskoðandi frá KPMG, Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri og Þorbjörg Kolbeinsdóttir, deildarstjóri bókhaldsdeildar mættu á fund bæjarráðs. Magnús Jónsson gerði grein fyrir rekstri bæjarins á árinu 2018, efnahagsreikningi í árslok og skýringum í ársreikningi. Fjallað var um lykiltölur og helstu niðurstöður. Bæjarráð samþykkir framlagðan ársreikninginn Garðabæjar 2018 samkvæmt 3. mgr. 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Ársreikningur er undirritaður og vísað til afgreiðslu bæjarstjórnar. Fyrri umræða í bæjarstjórn er fyrirhuguð á fundi bæjarstjórnar 21. mars 2019 og síðari umræða á fundi bæjarstjórnar 4. apríl 2019.

Gunnar Valur Gíslason, bæjarfulltrúi sat fund bæjarráðs undir þessum dagskrárlið.

2. 1810060 - Miðhraun 4 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita RA 5 ehf., kt. 590404-2410, leyfi til að endurbyggja atvinnuhúsnæði, í stað húsnæðis sem var rífið eftir bruna, að Miðhrauni 4.

3. 1901440 - Keldugata 1 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Þóroddi Björgvinssyni, kt. 260765-3539, leyfi til að byggja einbýlishús að Keldugötu 1.

4. 1811228 - Muruholt 2 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Telmu Sigtryggisdóttur, kt. 090375-6017, leyfi fyrir viðbyggingu við núverandi hús að Muruholti 2.

5. 1810324 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að stækkun byggingarreits við Smáraflöt 11.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að hafna umsókn lóðarhafa að Smáraflöt 11 um breytingu á deiliskipulagi Flata vegna byggingar bílskúrs út fyrir byggingarreit.

6. 1710090 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda vegna lóðar fyrir Alþjóðaskólann.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að kynna samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga 123/2010 tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda þar sem gert er ráð fyrir lóð fyrir húsnæði Alþjóðaskólans í landi Þórsmerkur. Tillagan skal kynnt á fundi þar sem íbúar aðliggjandi lóða við Ægisgrund verða sérstaklega boðaðir.

7. **1809192 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á aðalskipulagi vegna lóðar fyrir Alþjóðaskólann.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að kynna samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga 123/2010 tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar vegna landnotkunarreits 2.09 OP, sbr. tillögu að breytingu að deiliskipulagi Ása og Grunda. Tillagan skal kynnt á íbúafundi. Einnig skal tillagan kynnt aðliggjandi sveitarfélögum og öðrum hagsmunaaðilum.
8. **1810110 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga viðskiptastrætis Urriðaholts vegna lóðarinnar við Urriðaholtsstræti 6-12.**
Bæjarráð samþykkir tillögu skipulagsnefndar að óverulegri breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga viðskiptastrætis Urriðaholts vegna lóðarinnar við Urriðaholtsstræti 6-12. Tillagan var grenndarkynnt og bærust engar athugasemdir. Samþykkt deiliskipulagsbreyting skal send Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.
9. **1902346 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hnoðraholts og Vetrarmýrar vegna stækkunar á byggingarreit golfskála GKG.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hnoðraholts og Vetrarmýrar samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga vegna stækkunar á byggingarreit fyrir viðbyggingu við golfskála GKG. Fallið er frá gerð lýsingar, sbr. heimild í 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga.
10. **1902219 - Afgreiðsla menningar- og safnanefndar varðandi styrk vegna heimildamyndar um líf og byggingarlist Högnu Sigurðardóttur arkitekts.**
Lögð fram afgreiðsla menningar- og safnanefndar varðandi styrkveitingu að fjárhæð kr. 200.000 vegna heimildarmyndar um líf og byggingarlist Högnu Sigurðardóttur, arkitekts.
11. **1903176 - Bréf Alþings varðandi frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum (fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn), 90. mál., dags. 11.03.19.**
Lagt fram.
12. **1903212 - Bréf Alþings varðandi frumvarp til laga um ráðstafanir til hagkvæmrar uppbyggingar háhraða fjarskiptaneta, 639. mál., dags. 13.03.19.**
Lagt fram.
13. **1903162 - Bréf Kópavogsbæjar varðandi endurskoðun aðalskipulags Kópavogs 2012-2024, dags. 06.03.19.**
Bæjarráð vísar bréfinu til umfjöllunar skipulagsnefndar.
14. **1902102 - Bréf félagsmálaráðuneytisins varðarn móttöku flóttamanna, dags. 18.03.19..**
Bæjarráð tekur jákvætt í að verða við erindi félagsmálaráðuneytisins um móttöku á allt að 10 flóttamönnum. Bæjarráð felur bæjarstjóra að undirbúa málið sem m.a. felst í að gera samning við ráðuneytið um nauðsynlega þjónustu og aðstoð, ráða verkefnastjóra og leita eftir húsnæði til að útvega fólkinu.

Bæjarráð vísar bréfi ráðuneytisins til kynningar í fjölskylduráði.

15. 1903241 - Bréf Útlendingastofnunar varðandi mögulega gerð þjónustusamnings vegna umsækjenda um alþjóðlega vernd, dags. 13.03.19.
Bæjarráð felur bæjarstjóra að ræða við bréfitara.

16. 1903249 - Ársreikningur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu 2018.
Lagður fram.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 19. mars 2019 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Sigurður Guðmundsson, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Jóna Sæmundsdóttir, (sign)

Ingvar Arnarson, (sign)

Íþróttta- og tómstundaráð Garðabæjar

8. fundur 2019

Miðvikudaginn 13. mars 2019 kl. 17:00 kom íþróttta- og tómstundaráð Garðabæjar saman til fundar í íþróttamiðstöðinni Ásgarði.

Fundinn sátu: Björg Fenger aðalmaður, Þorri Geir Rúnarsson aðalmaður, Stefanía Magnúsdóttir aðalmaður, Guðrún Jónsdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður, Kári Jónsson íþróttafulltrúi og Gunnar Richardson tómstundafulltrúi.

Fundargerð ritaði: Kári Jónsson íþróttafulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1902136 - Hvatapeningar 2018 nýting

KJ kynnti nýtingu barna í Garðabæ á hvatapeningum 2018. Heildarnýting var 74%, mest í yngri árgöngum en minnst hjá þeim sem eldri eru.

2. 1811205 - Forvarnarmál í Garðabæ

GR rakti í hverju forvarnir í Garðabæ hafa verið fólgnar síðustu árin.

ÍTG kallar eftir áætlunum skóla og félagasamtaka í bænum ásamt upplýsingum um aðgerðir skólaárið 2018-2019 og kostnaðaráætlun vegna þeirra.

3. 1902056 - Tillaga um að gerð verði könnun meðal eldri borgara varðandi nýtingu á þeirri heilsurækt sem er í boði í Garðabæ.

KJ lagði fram tölur um þátttöku íbúa í Garðabæ 68 ára eða eldri á árinu 2018 í mismunandi heilsuræktar og frístundatilboðum. Vinna þarf mun meira í því að greina þátttöku þessa aldurshóps. Unnið verður áfram að því fyrir næsta fund.

4. 1903158 - KFG v 2. deildar keppni 2019

Samþykkt var að veita KFG styrk 300.000,- vegna óvænts kostnaðarauka í ferðakostnaði þar sem liðið vann sér rétt til að keppa í 2. deild á komandi keppnistímabili.

5. 1903098 - Ásgeir Jón Guðbjartsson - Umsókn um ferðastyrk íþróttta- og tómstundaráðs Garðabæjar

Ásgeir Jón Guðbjartsson kt. 1612684539 hlýtur ferðastyrk að upphæð kr. 20.000,- vegna ferðar með snókerlandsliði Íslands á World Snooker Seniors Tour 07.03.2019 í Leeds UK.

Önnur mál:

Staðan á framkvæmdum við fjölnota íþróttahús í Vetrarmýri kynnt og farið yfir útlit og grunnmyndir af húsinu.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Leikskólanefnd Garðabæjar
6. fundur 2019

Fimmtudaginn 14. mars 2019 kl. kom leikskólanefnd Garðabæjar saman til fundar í leikskólanum Hæðarbóli.

Fundinn sátu: Kristjana F Sigursteinsdóttir aðalmaður, María Guðjónsdóttir aðalmaður, Torfi Geir Símonarson aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Valborg Ösp Á. Warén aðalmaður, Halldóra Pétursdóttir verkefnastjóri, Anna Kristborg Svanlaugsdóttir fulltrúi starfsmanna, Ragnhildur Skúladóttir fulltrúi leikskólastjóra og Eydís Sigurðardóttir fulltrúi foreldra.

Fundargerð ritaði: Halldóra Pétursdóttir verkefnastjóri skóladeildar.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1903122 - Kynning á leikskólanum Hæðarbóli

Leikskólastjóri Hæðarbóls kynnir starfsemi skólans.

2. 1903123 - Skóladagatal 2019 til 2020

Lagt fram skóladagatal 2019 -2020.

Leikskólanefnd tekur jákvætt í tillögur um breytingar sem felast í að hafa sitt hvorn skipulagsdaginn í leikskóla og grunnskóla í lok apríl og lok maí.

Málinu vísað til afgreiðslu bæjarráðs.

3. 1902276 - Stefnumótun í málefnum barna

Stefnumótun í málefnum barna lögð fram til kynningar. Leikskólanefnd telur jákvætt að mótuð sé heildstæð stefna um málefni barna.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Skipulagsnefnd Garðabæjar
3. fundur 2019

Fimmtudaginn 7. mars 2019 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson formaður, Lúðvík Örn Steinarsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir aðalmaður, Stella Stefánsdóttir aðalmaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Anna Guðrún Gylfadóttir byggingarfulltrúi, Guðbjörg Brá Gísladóttir verkefnastjóri og Sólveig Helga Jóhannsdóttir skipulagsfræðingur.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1709351 - Álftanes-Miðsvæði. Deiliskipulag

Lagðar fram tillögur og athugasemdir að deiliskipulagi Miðsvæðis á Álftanesi. Tillögurnar eru 5 talsins og skiptast í Breiðumýri, Krók, Helguvík, Skógtjörn og Kumlamýri. Deiliskipulagshöfundar Þórhallur Sigurðsson arkitekt og Þráinn Hauksson landslagsarkitekt lögðu fram greinargerð þar sem innihald athugasemda hefur verið flokkað niður. Umræður um innihald athugasemda og hugsanleg viðbrögð. Vísað til frekari skoðunar hjá tækni-og umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum.

2. 1903085 - Urriðaholt, Norðurhluti 3, dsk breyting. Oddfellowlóð.

Egill Guðmundsson arkitekt hjá Arkís og Stefán Veturliðason fyrir hönd Oddfellowreglunnar kynntu hugmyndir um breytingar á lóð Oddfellowa á háholti Urriðaholts. Vísað til frekari skoðunar hjá tækni-og umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum.

3. 1902376 - Urriðah Austurhl 1, Maríugata 1 - 3, deiliskipulagsbreyting

Lagt fram erindi frá lóðarhöfum Maríugötu 1 og 3 þar sem óskað er eftir fjölgun íbúða úr 20 í 26 í hvoru húsi. Ekki er óskað eftir auknu byggingarmagni. Málinu vísað til umsagnar deiliskipulagshöfunda og Urriðaholts ehf. Baldur Ó.Svavarsson véc af fundi undir þessum lið.

4. 1812115 - Víkurgata 19 Umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram fyrirspurn um hvort leyft verði að svalir með burðarvirki nái út fyrir byggingarreit sem nemur um 50 fermetrum. Lögð fram umsögn deiliskipulagshöfundar. Svar skipulagsnefndar er neikvætt og vísast til umsagnarinnar.

5. 1809246 - Skipulag - Keldugata 2-20, dsk breyting

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Urriðaholts vesturhluta sem nær til lóða við Keldugötu að ofanverðu. Auglýsing hefur farið fram. Athugasemdir hafa borist frá íbúum að Holtsvegi 23-25. Tillögu og athugasemdum vísað til tækni-og umhverfissviðs og deiliskipulagshöfundar til skoðunar.

6. 1809192 - Skipulag - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 2. Grundir

Lögð fram tillaga að aðalskipulagsbreytingu sem gerir ráð fyrir því að landnotkunarreitur 2.09 Op minnki og gert verði ráð fyrir svæði fyrir samfélagsþjónustu í samræmi við tillögu að deiliskipulagi fyrir lóð fyrir alþjóðaskólann. Lagðar fram umsagnir sem bárust um verkefnislýsingu. Tillögu vísað til forkynningar í samræmi við 2.mgr.30.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

7. 1710090 - Ægisgrund 1-5, dsk br (Svæði L6)

Lögð fram tillaga að deiliskipulagsbreytingu Ása og Grunda sem gerir ráð fyrir lóð fyrir skólastofnun, alþjóðaskólann við Hraunsholtslæk. Lagðar fram umsagnir sem bárust um verkefnislýsingu. Tillögu vísað til forkynningar í samræmi við 3.mgr.40.gr.skipulagslaga nr.123/2010. Halda skal kynningarfund þar sem íbúar aðliggjandi lóðar við Ægisgrund verði sérstaklega boðaðir. Tillögur að breytingu aðalskipulags og deiliskipulags skulu kynntar samhliða.

8. 1810110 - Urriðah Viðsskstræti dsk br Urriðaholtsstræti 6-12

Lögð fram tillaga að óverulegri deiliskipulagsbreytingu Urriðaholts Viðskiptastrætis lokinni grenndaskynningu. Engar athugasemdir bárust. Tillagan skoðast samþykkt.

9. 1810324 - Smáraflöt 11 - Umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram tillaga að stækkun byggingarreits vegna bílageymslu. Skipulagsnefnd hafnar tillögunni þar sem að bílageymslan nær út fyrir byggingarreit götumegin og auk þess er lengd hússins á lóðarmörkum er orðin langt fram yfir þá 7,5 m sem deiliskipulag gerir ráð fyrir að sé hámarks lengd brunagafls bílageymslu. Byggingin nær að auki út fyrir byggingarreit á baklóð.

10. 1811323 - Smáraflöt 4 - Umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags sem gerir ráð fyrir því að brunagafl á lóðarmörkum sé lengur úr 7,5 í 17,5. Samþykki eigenda Smáraflatar 2 liggur fyrir. Stækkun er öll innan byggingarreits. Skipulagsnefnd vísar tillögunni til nánari skoðunar hjá tækni-og umhverfissviði.

11. 1902148 - Markarflöt 51, fyrirspurn um viðbyggingu

Lögð fram fyrirspurn um viðbyggingu sem nær út fyrir byggingarreit að norðanverðu að hljóðvegg meðfram Vífilsstaðavegi. Minnst yrði 1,5 m fjarlægð frá lóðarmörkum. Svar: Með vísan til þess að byggingarreitir við Garðaföt eru minnst í 5 m fjarlægð frá lóðarmörkum að Vífilsstaðavegi þá er nefndin jákvæð gagnavart viðbyggingum sem séu allt að 5 m frá lóðarmörkum. Umrædd tillaga sé því 3,5 nær en ásættanlegt sé. Núverandi byggingarreitir eru 9 m frá lóðarmörkum. Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir vék af fundi undir þessum lið.

12. 1710301 - Haukanes 15-Umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags þar sem gert er ráð fyrir því að byggingarreitur fyrir 1 hæðar viðbyggingu sem sé í sama gólfkóta og neðri hæð hússins vestan við húsið. Tillögu vísað til umsagnar deiliskipulagsráðgjafa.

13. 1804199 - Blikanes 14 - DSK breyting - stækkun á byggingarreit

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags sem gerir ráð fyrir 6,5 metra breiðum byggingarreit bílageymslu í með gólfkóta 35 cm lægri en kjallari hússins. Viðbygging samkvæmt tillögu nær 6,5 m út fyrir byggingarreit, er 3.15 m frá lóðarmörkum að húsi

nr. 12. Fjarlægð bílageymslu frá lóðarmörkum að götu yrði 10,5 m. Byggingarleyfisumsókn þar sem gert var ráð fyrir 5,3 m breiðri bílageymslu í 5,5 m fjarlægð frá lóðarmörkum var vísað til grenndarkynningar árið 2016 og voru engar athugasemdir gerðar við þá tillögu. Umsækjandi óskar nú eftir breiðari bílageymslu se. Samþykki nágranna liggur fyrir.

Nú hefur deiliskipulag Arnarness endanlega tekið gildi. Í auglýsingu voru engar athugasemdir gerðar við fjarlægð byggingarreita frá lóðarmörkum að götu sem er 17 m við Blikanes að ofanverðu. Sama á við Mávanes að ofanverðu. Umsækjandi hefur bent á að vegna þessa skipulags eru byggingarreitir þessara lóða talsvert minni en annara húsa í Arnarnesi. Skipulagsnefnd vísar málinu til skoðunar hjá tækni-og umhverfissviðs og deiliskipulagsráðgjafa.

14. 1902346 - Hnoðrah.og Vetrarm. dsk bre GKG-skáli.

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Hnoðrahólts og Vetrarmýrar sem gerir ráð fyrir stækkun byggingarreits fyrir golfskála GKG til vesturs. Breytingartillögu vísað til auglýsingar í samræmi við 1.mgr.43.gr.Skipulagslaga nr.123/2010.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Stjórn Hönnunarsafns Íslands
5. fundur 2019

Mánudaginn 10. desember 2018 kl. 12:00 kom stjórn Hönnunarsafns Íslands saman til fundar Hönnunarsafn Íslands.

Fundinn sátu: Stella Stefánsdóttir formaður, Kristín B Björgvinsdóttir aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Sigríður Sigurjónsdóttir Forstöðumaður, Katrín Friðriksdóttir settur forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs og Þóra Sigurbjörnsdóttir.

Fundargerð ritaði: Sigríður Sigurjónsdóttir forstöðumaður.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1810001HO - Stefnumótun stjórnar Hönnunarsafns Íslands 2019 - 2023

Unnið áfram í stefnumótun stjórnar.

2. 1808002HO - Rekstur 2018

Farið yfir stöðuna í dag. Rekstur er á áætlun.

3. 1808001HO - Aðsóknartölur

Farið yfir aðsóknartölur. Tæplega 7000 gestir hafa heimsótt safnið það sem af er árinu. Um 5000 gestir heimsóttu farandsýningu safnsins um Íslensku Lopapeysuna í Kaupmannahöfn.

4. 1809003HO - Nordic forum for design history

Forstöðumaður fer yfir viðburðinn og hvernig tókst til. Um 50 manns sóttu fyrirlestra fræðimannanna. Mikil ánægja var með viðburðinn sem hefur ekki verið haldinn áður á Íslandi og hvergi verið jafn vel sóttur.

5. 1601308 - Nýting á höfundarverki - Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir

Málinu lauk með samkomulagi dagsettu 25.04.2016 þar sem fram kom m.a. viðurkenning á að afhending eintaks af sýningartexta til aðila utan safnsins hafi falið í sér brot á höfundarrétti.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Umhverfisnefnd Garðabæjar
10. fundur 2019

Miðvikudaginn 13. mars 2019 kl. 08:00 kom umhverfisnefnd Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Jóna Sæmundsdóttir aðalmaður, Guðfinnur Sigurvinsson aðalmaður, Hrönn K. Sch. Hallgrímsdóttir aðalmaður, Páll Magnús Pálsson aðalmaður, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Linda Björk Jóhannsdóttir garðyrkjufræðingur og Guðbjörg Brá Gísladóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðbjörg Brá Gísladóttir verkefnastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1902106 - Friðlýsingar - samstarf við Umhverfisstofnun

Halldóra Hreggviðsdóttir og Þóra Kjarval frá Alta og Hlökkver Kjartansson lögræðilegur ráðgjafi landnýtingarnefndar styrktar- og lýknarsjóðs Oddfellowa kynntu tillögur að nýtingu og friðlýsingu Urriðakotshrauns sem fólkvang. Umhverfisnefnd leggur áherslu á að fyrirhugaður fólkvangur nýtist öllum og að ekki verði óafturkræft rask á svæðinu.

2. 1903105 - Húsasorpsrannsókn orkutunna og gáms66 2018

Bjarni Gnýr Hjarðar frá Sorpu kynnti húsasorprannsókn orkutunnu og gáms66 2018.

3. 1903081 - Endurheimt votlendis á Álftanesi

Ábending sem barst við gerð fjárhagsáætlunar varðandi votlendi við Kasthúsatjörn. Landið sem ekki er búið að endurheimta við Kasthúsatjörn er í einkaeigu.

4. 1901467 - Endurskipulagning öryggis- og upplýsingamála í Heiðmörk.

Umhverfisnefnd samþykkir að fara í þetta verkefni og óskar eftir því að fá verkáætlun fyrir framkvæmdina. Verkefnið þarf að rúmast innan fjárhagsáætlunar.

5. 1902185 - Spillivagninn

Umhverfisnefnd tekur jákvætt í verkefnið og felur umhverfis- og tæknisviði að kanna kostnað og útfærslu.

6. 1902220 - Fræðslu- og sögugöngur 2019

Farið var yfir hvernig fræðslu- og sögugöngur undanfarinna ára hafa verið í samstarfi menningar- og sagnanefndar, umhverfisnefndar og Bókasafns Garðabæjar. Einnig hafa göngurnar verið tengdar lýðheilsu verkefni og göngum Ferðafélags Ísland síðustu tvö ár í september mánuði. Ræddar voru fyrstu hugmyndir af göngum og dagsetningum í vor og haust.

7. 1811108 - Fundargerðir 2018 - 2022 - Reykjanesfólkvangur

Lagt fram.

8. 1902218 - Tillaga um innleiðingu á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Farið yfir ákvörðun bæjarstjórnar um að Garðabær muni hefja innleiðingu á heimsmarkmiðum.

9. 1811057 - Umsóknir í framkvæmdasjóð ferðamannastaða 2019

Umhverisnefnd fagnar styrknum.

10. 1903186 - Tillaga frá Garðabæjarlistanum um endurbættan strandstíg á sunnanverðu Álftanesi

Umhverfisnefnd tekur jákvætt í tillögu Garðabæjarlistans um að strandstígurinn á sunnanverðu Álftanesi verði gerður þannig að hann henti fyrir bæði gangandi og ríðandi umferð og vísar málinu á umhverfis- og tæknisviðs.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

300. fundur

Föstudaginn 22. febrúar 2019 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 11:00.

Mætt voru

Björg Fenger (BF), Hjálmar Sveinsson (HS), Karen Halldórsdóttir (KH) og Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ).

Helga Ingólfssdóttir (HI) og Ásgeir Sveinsson (ÁS) boðuðu forföll.

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir (ÁP), sviðsstjóri fjármála og rekstrar sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Húsnæðismál
2. Fargjaldastefna
3. Fundur með hagsmunaaðilum
4. Ársfundur Strætó
5. Akstursþjónusta fyrir fatlaða
6. Innri endurskoðun
7. Leiðakerfi
8. Önnur mál

Tekið fyrir:

1. Húsnæðismál

Sviðsstjóri fjármála og reksturs Strætó fór yfir aðdraganda þeirrar ákvörðunar að flytja starfsemi Strætó úr Þönglabakka 4/Mjódd yfir á Hesthals 14 þar sem hluti starfseminnar er nú þegar til húsa. Með flutningunum verður starfsemi Strætó sameinuð í eitt húsnæði. Gert er ráð fyrir að öll starfsemi Strætó verði flutt upp á Hesthals fyrir lok maí 2019.

Frá því um mitt ár 2016 hefur verið unnið að því að Reykjavíkurborg, sem er eigandi að stórum hluta af Þönglabakka 4, taki yfir allt húsnæðið í Þönglabakka bæði það sem Strætó er nú með í leigu hjá Reykjavíkurborg sem og kaupi þann hluta sem er í eigu Strætó, þ.e. 326,7 fm skrifstofurými. Þrátt fyrir flutning Strætó úr Þönglabakkanum hefur verið gert ráð fyrir að Strætó verði áfram með kaffiaðstöðu fyrir vagnstjóra og fargjaldasölu á jarðhæð hússins.

Sala á húsnæði Strætó í Þönglabakka og flutningur á starfsemi Strætó á einn stað upp á Hesthals 14 hefur verið unnin samhliða, enda forsenda flutninganna að eigandi Hesthals 14 sem er Reykjavíkurborg, ynni að breytingum á húsnæðinu þannig að öll starfsemi Strætó myndi rúmast þar fyrir. Skrifað var undir nýjan leigusamning um Hesthals 14, 9. janúar 2018, en sá samningur tekur mið af því að húsnæðið rúmi alla starfsemi Strætó.

Á fundi Borgarráðs 14. desember 2017 var samþykkt að gera tilboð í eign Strætó í Þönglabakka 4 upp á 89,85 m.kr. á grundvelli verðmats tveggja fasteignasala, en mat þeirra var annars vegar kr. 98 m.kr. og hinsvegar 81,7 m.kr.

Stjórn Strætó bs. kom þá með gagntilboð upp á 100 m.kr. sem Borgarráð samþykkti á fundi sínum 13. maí 2018. Í samþykkttri fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 og svo aftur nú árið 2019 var gert ráð fyrir að fasteign félagsins í Þönglabakka 4 yrði seld fyrir 100 m.kr.

Stjórn felur framkvæmdastjóra í samvinnu við lögfræðing félagsins að ganga frá sölu á fasteign félagsins, 326,7 fm skrifstofuhúsnæði að Þönglabakka 4, til Reykjavíkurborgar fyrir 100 m.kr. Stjórn leggur áherslu á að samhliða sölnunni verði áfram tryggt að gert verði ráð fyrir kaffiaðstöðu fyrir vagnstjóra og fargjaldasölu í Þönglabakka 4 eða amk. á meðan Mjóddin þjónar þeim tilgangi að vera ein af aðalskiptistöðum Strætó.

2. Fargjaldastefna

Stjórnarformaður lagði til að skipaður yrði vinnuhópur til að vinna drög að nýrri fargjaldastefnu fyrir Strætó sem síðar yrði lögð fyrir stjórn Strætó.

Í vinnuhóp um fargjaldastefnu yrðu stjórnarformaður Strætó (BF), framkvæmdastjóri Strætó (JSR), sviðsstjóri fjármála og rekstrar (ÁP) og að minnsta kosti einn stjórnarmaður til viðbótar.

Stjórn felur framkvæmdastjóra í samstarfi við stjórnarformann að boða fyrsta vinnufundinn.

3. Fundur með hagsmunaaðilum

Stjórn Strætó vill efla samtal við farþega og aðra hagsmunaaðila Strætó um hvað betur megi fara í starfsemi félagsins t.d. hvað varðar leiðarkerfið og viðmót á heimasíðu og í appi. Stjórn Strætó ætlar í þessum tilgangi að halda opinn fund þar sem farþegar og aðrir hagsmunaaðilar eru sérstaklega hvattir til að mæta og koma ábendingum og skoðunum sínum á framfæri við stjórnendur og stjórn Strætó.

Stjórn samþykkir að boða til opins fundar þann 28. mars nk. Framkvæmdastjóra falið að sjá um að skipuleggja og auglýsa fundinn.

4. Ársfundur (aðalfundur) Strætó 2019

Samþykkt að hafa opinn ársfundi (aðalfundi) Strætó í byrjun apríl 2019, sbr. starfsreglur stjórnar þar um.

Framkvæmdastjóra falið að undirbúa fundinn í samræmi við umræður á fundinum.

5. Akstursþjónusta fatlaðs fólks

Áframhaldandi umræður um framtíðarfyrirkomulag akstursþjónustu fatlaðs fólks, þar sem samningar við núverandi verktaka sem sjá um akstur í akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu fyrir utan Kópavog renna út í lok árs 2019.

Erlendur Pálsson, sviðsstjóri farþegaþjónustusviðs kom inn á fundinn til að kynna stöðuna á undirbúningi á útboðinu. Farið var yfir mismunandi tillögur að útboðsfyrirkomulagi.

Guðmundur Siemsen lögmaður Strætó kom inn á fundinn til að fara yfir stefnur sem Strætó hefur borist frá tveimur rammasamningshöfum í tilfallandi akstri í akstursþjónustu fatlaðra, en þeir aðilar telja að á þeim hafi verið brotið við röðun ferða á bíla.

Guðmundi Siemsen lögmanni falið að gæta hagsmuna Strætó.

6. Innri endurskoðun 2019

Innri endurskoðun Strætó er útvistað til Deloitte ehf., Sif Einarsdóttir, meðeigandi hjá Deloitte, er ábyrgðarmaður þjónustunnar sem veitt er á grundvelli ráðningarbréfs, viðauka við ráðningarbréf og erindisbréfs.

Sif Einarsdóttir kom inn á fundinn undir þessum lið og fór yfir endurskoðunaráætlun 2019.

Endurskoðunarnefnd Strætó hefur yfirfarið erindisbréf innri endurskoðanda og endurskoðunaráætlun fyrir árin 2019 og 2020. Á fundi endurskoðunarnefndarinnar 12. febrúar 2019, samþykkti nefndin erindisbréfið og innri endurskoðunaráætlunina og vísaði málinu áfram til stjórnar Strætó

Stjórn Strætó samþykkir erindisbréfið og fyrirbyggjandi drög að áætlun um innri endurskoðun Strætó 2019 og felur stjórnarformanni að staðfesta erindisbréfið með undirritun sinni.

7. Leiðakerfi

Fulltrúi Reykjavíkur í stjórn Strætó, Hjálmar Sveinsson, óskaði eftir umræðu að beiðni fulltrúa borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins, um ákvörðun stjórnar að leið 18 verði sett á sérstaka sumartíðni næsta sumar.

Á fundi stjórnar 21. desember 2018 var samþykkt að fara í hagræðingu á leiðakerfi Strætó í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun félagsins. Fólust aðgerðirnar meðal annars í því að setja leið 18 á sumartíðni. Aðrar breytingar sem samþykktar voru, var að stytta leið 14, hætta akstri fyrr á sunnudagskvöldum, endurskoða næturleiðir ásamt því að setja nokkrar leiðir til viðbótar við leið 18 á sumartíðni.

Borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokksins bendir á að Grafarholt-Úlfarsárdalur sé aðeins þjónustaður af leið 18 og sé eini borgarhluti Reykjavíkur sem sé þjónustaður af einni leið og því vilja þau hvetja stjórn Strætó og Reykjavíkurborg til að gæta jafnræðis meðal íbúa og tryggja viðunandi þjónustu almenningssamganga í hverfunum. Er því óskað eftir að ákvörðun um að setja leið 18 á sumartíðni verði endurskoðuð.

Stjórn Strætó felur framkvæmdastjóra að svara í samræmi við umræður á fundinum og minnisblað sem lagt var fram á fundi stjórnar 21. desember 2018.

8. Önnur mál

- a) Erindi frá borgarstjóra Reykjavíkur, dagsett 22. janúar 2019 lagt fram og framkvæmdastjóra falið að svara erindinu í samræmi við umræður á fundinum.

Fundi slitið: kl. 13:15

Fylgiskjöl:

- Erindi frá borgarstjóra Reykjavíkur, dagsett 22. janúar 2019

Björg Fenger

Hjálmar Sveinsson

Sigrún Edda Jónsdóttir

Karen Halldórsdóttir



Reykjavík, 22. janúar 2019

Sæll Dagur.

Þú send þakkir fyrir að senda mér bréf með hugmyndum þínum um strætó, sund og íþróttir.

Það er hárrétt hjá þér að við þurfum öll að nota strætó meira og svo er líka rétt hjá þér að sund og hreyfing er mjög mikilvæg fyrir börn og líka fyrir fullorðna.

Við reynum eins og hægt er að halda verðinu í sundlaugunum í lágmarki. Börn að 6 ára aldri borga ekkert og börn að 18 ára borga 160 kr. Í sundlaugunum er líka hægt að kaupa kort þar sem maður borgar fyrir nokkrar ferðir í einu, eða jafnvel árskort. Þá kostar hver sundferð miklu minna.

Svo ætla ég að koma tillögunni þinni um að það verði frítt í strætó fyrir börn til fulltrúa Reykjavíkurborgar í stjórn Strætó.

Gangi þér vel í öllu sem þú tekur þér fyrir hendur!

Kær kveðja,

Dagur B. Eggertsson

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

405. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) á skrifstofu byggðasamlagsins föstudaginn 1.03.2019, kl.07:30.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður

Mættir:

Birkir Jón Jónsson, Líf Magneudóttir, Ágúst Bjarni Garðarsson, Bjarki Bjarnason og Jóna Sæmundsdóttir. Kolbrún Þorsteinsdóttir boðaði forföll. Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri, Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri. Gestir fundarins undir lið 1 og 2 voru Lárus Finnbogason frá endurskoðunarnefnd SORPU bs. og Theodór S. Sigurbergsson frá ytri endurskoðanda SORPU Grant Thornton.

Tekið fyrir:

1. Ársreikningur SORPU bs. fyrir árið 2018 og endurskoðunarskýrsla Grant Thornton

Framkvæmdastjóri fer yfir og kynnir ársreikning SORPU bs. fyrir árið 2018 og kynnir jafnframt samanburð rekstrar og áætlunar. Endurskoðendur kynna skýrslu endurskoðanda um endurskoðunina og áritun endurskoðanda. Formaður endurskoðunarnefndar SORPU kynnir bréf nefndarinnar um endurskoðunina. Málið rætt.

Málið rætt. Stjórn samþykkir reikninginn samhljóða og undirritar.

2. Staðsetning endurvinnslustöðva

Framkvæmdastjóri kynnir hugmyndir starfsmanna SORPU um framtíðar staðsetningu endurvinnslustöðva á höfuðborgarsvæðinu. Unnið er að skoðun á heppilegum staðsetningum út frá spám um íbúðapróun og búsetu á höfuðborgarsvæðinu. Málið rætt.

3. Efnismiðlun Góða hirðisins

Framkvæmdastjóri kynnir minnisblað rekstrarstjóra endurvinnslustöðvanna um reynslu af verkefninu frá því það byrjaði á síðasta ári. Málið rætt.

4. Ráðning stöðvarstjóra móttöku- og flokkunarstöðvar

Framkvæmdastjóri kynnir vinnu við ráðningu nýs stöðvarstjóra en Jón Ólafur Vilhjálmsson hefur óskað eftir að láta af störfum vegna aldurs. Alls sóttu 30 manns um stöðuna.

Handwritten signatures and initials at the bottom right of the page.

5. Rannsókn á innihaldi bagga sem berast í Álfarnes

Yfirverkfræðingur kynsir niðurstöður Recource International á innihaldi baggaðs úrgangs sem berst í Álfarnes. Málið rætt.

6. Stefnumótunaryvinna stjórnar

Sævar Kristinsson frá KPMG mun halda utan um vinnu stjórnar. Gert er ráð fyrir undirbúningi og sviðsmyndavinnu dagana 11 – 12 apríl.

Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn 12. apríl 2019 kl. 08:30.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 09:15.

Fundarritari: Guðrún Eva Jóhannesdóttir

Birkir Jón Jónsson

Ólafur Ólafsson

Guðrún Eva Jóhannesdóttir

Bjarki Björnsson
Bjarni Tassi

Bjarni H.

Guðrún Eva Jóhannesdóttir

Ólafur Ólafsson



STJÓRN SSH 468. fundur

Mánudaginn 4. mars 2019, kl. 12:00, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Rósa Guðbjartsdóttir, Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Sverrisson, Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson og Karl M. Kristjánsson.
Ennfremur sat fundinn Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk /málsnr. 1711002

Erlendur Pálsson, sviðsstjóri hjá Strætó bs., mætti á fundinn undir þessum dagskrárlið og gerði grein fyrir undirbúningi vegna nýs útboðs fyrir sameiginlega ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk. Annars vegar var farið yfir meginþætti væntanlegs útboðs, s.s. bílaflota og gæðakröfur, tímalengd útboðs og almennt útboðsforsendur. Hins vegar fór hann yfir skoðun á mismunandi útfærslum á kostnaðarskiptingu vegna notkunar sveitarfélaganna á akstursþjónustunni. Fram kom að fjármálastjórar sveitarfélaganna hafa að undanfögnu rýnt þessar útfærslur og eiga eftir að funda frekar vegna málsins.

Umræður

Niðurstaða:

Ákveðið að bíða með frekari umræðu um kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaganna þar til fyrir liggur niðurstaða eftir fyrirhugaðan fund þeirra með Strætó bs. um málið 6. mars nk.

2. Ársreikningur SSH fyrir árið 2018

Fyrir fundinum lá endurskoðaður ársreikningur SSH fyrir árið 2018, ásamt áritun KPMG endurskoðunar og kjörinna skoðunarmanna.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri staðfestu reikninginn með áritun sinni á fundinum.

3. Samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu - aðgerðir og verkefni framundan /málsnr. 1903002

a) Viðræður við ríkið vegna heildaraðgerða til úrbóta í samgöngumálum höfuðborgarsvæðisins.

Eftirfarandi liggur fyrir:

Niðurstöður stýrihóps SRN, SSH og Vegagerðarinnar og verkefnahóps með mati á nauðsynlegum aðgerðum til úrbóta í samgöngumálum innan þéttbýlis á höfuðborgarsvæðinu þar sem fjárþörf er metin allt að 95 milljarðar króna. Af þeirri upphæð er gert ráð fyrir um 42 milljörðum til eflingar almenningsamgangna með uppbyggingu Borgarlínu og tengdum verkefnum. Til endurbóta og styrkingar á stofnbrautum, stofnstíga og verkefna sem ekki tengjast eflingu almenningsamgangna þarf að verja allt að 53 milljörðum króna.

Fjármögnun þessara verkefna og framgangur þeirra er líklegast stærsta sameiginlega hagsmunamál sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og lykilatriði í að sameiginlegt markmið um þróun byggðar og styrking samkeppnishæfni svæðisins gangi eftir.



Í þingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2019–2023 segir m.a.:

„Unnið verði að samningi við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu þar sem lögð verði áhersla á nauðsynlegar úrbætur í núverandi almenningssamgöngum, uppbyggingu og rekstur hágaða almenningssamgangna, úrbætur á stofnvegum og gerð hjóla- og göngustíga.“

Í ljós ofangreint telur stjórn SSH brýnt að nú þegar verði farið að vinna í samræmi við fyrirbyggjandi niðurstöður stýrihóps SRN, SSH og Vegagerðarinnar og framangreinds ákvæðis í þingsályktunartillaögu um samgönguáætlun 2019–2023, og samþykkir að skipa stjórnarformann SSH og borgarstjóra Reykjavíkur til að hefja undirbúning að samtali við samgönguráðuneyti og fjármálaráðuneyti vegna þessa verkefnis.

b) Tæknilegur og fjárhagslegur undirbúningur að lagningu Borgarlínu.

Eftirfarandi liggur fyrir:

- Í samgönguáætlun 2019–2023 er búið að skilgreina fyrsta áfanga Borgarlína frá Hamraborg yfir Fossvog um miðborg að Hlemmi yfir Elliðavog að Ártúnshöfða. Áætlaður kostnaður við fyrsta áfanga er 16,3 milljarðar króna.
- Í fimm ára samgönguáætlun er gert ráð fyrir að Vegagerðin verji 300 m. króna í undirbúningsvinnu vegna Borgarlínu árið 2019, og 500 m. króna á árinu 2020. Áskilið er að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu leggi tilsvandandi fjármuni til verkefnisins.
- Reykjavíkurborg hefur ætlað 200 m. króna til verkefnisins á þessu ári og Vegagerðin er nú þegar byrjuð að vinna að undirbúningi á grundvelli framangreindra fjármuna ríkisins. Reykjavíkurborg er sömuleiðis byrjuð á vinnu á sínum vettvangi. Kópavogsbær er einnig að undirbúa framkvæmdir vegna brúar yfir Fossvog.

Í ofangreindu felst að sveitarfélögin þurfa nú að koma að ofangreindum verkefnum. Stjórn SSH samþykkir því að hafin verði vinna við gerð tveggja samninga til að ná utan um aðkomu sveitarfélaganna að verkefninu:

b1) Samnings / samkomulags á milli sveitarfélaganna þar sem þau skuldbinda sig til að mæta framlagi ríkissjóðs til undirbúningsverkefna vegna Borgarlínu á árinu 2019 og 2020 og samkomulagi um innbyrðis skiptingu framlaganna.

b2) Samnings milli SSH f.h. sveitarfélaganna annars vegar og Vegagerðarinnar hins vegar um fyrirkomulag sameiginlegs verkefnis við undirbúning að lagningu Borgarlínunnar á grundvelli fjárveitinga ríkis og sveitarfélaganna 2019 (og 2020). Horft verði til þess að skrifstofu SSH verði falið að annast verkefnalega og fjárhagsleg umsjón verkefnisins, og verkefnastjórn verði í höndum núverandi svæðisskipulagsstjóra.

Verkefninu verði settur skýr rammi (stjórnskipulag) sem aðilar samningsins samþykkja. Stjórnskipulagið mun skilgreina ábyrgð, hlutverk mismunandi aðila og ferla ákvarðanatöku.

Lagt verði til að verkefnið verði vistað hjá SSH og á kennitölu samtakanna. Aðstandendur samningsins myndi sameiginlegan verkefnasjóð sem hýstur verði hjá SSH. Verkefnasjóðurinn mun standa straum að öllum kostnaði sem fellur til þ.m.t. launakostnaði núverandi starfsmanna, aðstandenda sem koma að verkefninu, aðkeypta ráðgjöf og aðstöðusköpun.

4. Sóknaráætlun /málsnr. 1811005

Fyrir lá tillaga að 5 sérgreindum verkefnum til vinnslu undir hatti sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins á árinu 2019, sem er síðasta ár núgildandi samnings um sóknaráætlanir landshluta. Alls er gert ráð fyrir um 25 m. króna framlagi ríkisins til sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins á þessu ári.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn samþykkti fyrirbyggjandi tillögur og að þær verði sendar stýrihópi sóknaráætlana landshluta.



5. Önnur mál

- a) **Tillaga að samþykkt um skilti í Reykjavík /málsnr. 1812001**
Samþykkt að kallað verði til sameiginlegs fundar þeirra starfsmanna sveitarfélaganna sem fara með málefnið til að samræma viðhorf og afstöðu eftir því sem kostur er.
- b) **Samstarf um uppbyggingu á sérskóla á grunnskólastigi /málsnr. 1903001**
Ásgerður Halldórsdóttir lagði fram eftirfarandi tillögu:
„Legg til að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu skoði frekari samstarf um uppbyggingu á sérskóla á grunnskólastigi sbr. Klettaskóla.
Einnig að skoðað verði samstarf um þjónustu fyrir börn með fjölþættan vanda og langvarandi stuðningsþarfir með því að byggja heimili í samvinnu á höfuðborgarsvæðinu, fyrir börn með mikla þroska og geðraskanir.“

Samþykkt að vísa tillögunni til skólamálanefndar SSH til frekari skoðunar.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:00

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2019, þriðjudaginn 12. mars var haldinn 373. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 14 og hófst kl. 13:34.

Mættir: Gunnlaugur Bragi Björnsson Reykjavík, Björg Fenger Garðabæ, Guðmundur Geirdal varamaður fyrir Höllu Karí Hjaltested Kópavogi, Rúnar Bragi Guðlaugsson Mosfellsbæ, Kristín María Thoroddsen Hafnarfirði og Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi.

Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna, Andrés B. Andreassen fjármálastjóri ÍTR Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram rekstrarniðurstaða fyrir árið 2018.
 - kl. 13:53 vikur Andrés B. Andreassen af fundi.
2. Lagt fram bréf Skíðagöngufélagsins Ullar dags. 11. mars 2019 varðandi aðstöðumál félagsins í Bláfjöllum.
3. Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra dags. 4. mars 2019 um stöðuna í fjöllum. Lítill snjór er eftir, en farið var í aðgerðir í því að flytja til snjó í brekkurnar og hefur það skilað góðum árangri.
4. Rætt um stöðu framkvæmda í Bláfjöllum.
 - kl. 14:30 vikur Kristín María Thoroddsen af fundi.
5. Lögð fram tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir skíðasvæðið í Skálafelli, sem er í auglýsingaferli.
6. Lagt fram bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu dags. 28. febrúar 2018 til sveitarfélaga vegna framkvæmdaáætlunar skíðasvæðanna. Núgildandi samningur sveitarfélaganna um rekstur skíðasvæðanna rennur út í lok þessa árs og lagt er til að vinna við undirbúning hefst sem fyrst.

Fundi slitið kl. 14:40.

Gunnlaugur Bragi Björnsson

Björg Fenger
Guðmundur Geirdal

Magnús Örn Guðmundsson
Rúnar Bragi Guðlaugsson